

VILHJÁLMUR ÁRNASON

## RÖKRÆÐULÝÐRÆÐI, BORGARAVITUND, LÍFPÓLITÍK

### 1. Inngangur

Í ÞESSARI grein<sup>1</sup> velti ég fyrir mér þeirri spurningu hvað sú staðreynd að við lífum í lýðræðissamfélagi hafi í för með sér þegar kemur að stefnumótun um líftækni og lífvísindi. Í því skyni leitast ég við að greina meginþjálfarið lýðræðislegra ákvarðana. Jafnframt huga ég að því hvaða sýn á borgarana er fólgin í þeim áherslum sem lagðar eru til grundvallar í slíkri stefnumótun. Eg greini á milli þrenns konar viðhorfa til borgaranna sem gengið er út frá í lífpólítiskri orðræðu og tengi þau við meginhlutverk lýðræðis. Ég færí rök fyrir nauðsyn þess að skapa aðstæður fyrir virkari þátttöku og ví sindalega borgaravitund. Ég kemst jafnframt að þeirri niðurstöðu að hugmyndir rökræðulýðræðis geti verið okkur mikilvægt leiðarljós í því verkefni að móta lýðræðislegri lífpólítik.

### 2. Lífpólítik

Eg lít svo á að hugmyndin um lífpólítik nái yfir það hvernig fengist er við líftækni og lífvísindi á svíði stjórnmála í víðum skilningi þess orðs. Svo dæmi séu tekin þá hef ég í huga hvernig líftækni leg málefni verða viðfangsefni stjórnunar og opinbers eftirlits, hvers konar stefnumörkun er ríkjandi á svíðinu, hvernig almenningur er upplýstur um þau og með hvaða hætti þau birtast í samfélagslegri rökræðu. Þessi skilningur á lífpólítik nær þannig til þess hvernig lífsiðfræði er notuð á svíði stjórnmála og með þátttöku „lífsiðfræðinga“ í eftirlits- og rádgjafarstofnum. Lífsiðfræði hefur í aukn-

<sup>1</sup> Greinin er byggð á erindi sem ég flutti á málþinginu „Bioethics or biopolitics“ í Hanasaari í Finnlandi 11.–12. júní 2007. Erindin hafa birst í ritinu *Bioethics, Politics and Business* í utröðinni Tema Nord 2008. Ég þakka Steinari Erni Atlasyni fyrir aðstoð. Greinin er hluti af rannsóknarverkefnum „Erfðarannsóknir, lýðræði, borgaravitund“ sem stutt er af Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands.

um mæli orðið þáttur í stofnanabundinna starfsemi og er þar af leiðandi hluti af lífpólítík. Sem hagnýt rannsókn á vandamálum á svíði líftækni og lífvísinda sem felur óhjákvæmilega í sér stjórmálaþeðin eimig viðriðin stjórmálín í viðari skilningi. Af þeim sökum er áriðandi að fræðimenn á svíði lífsiðfræði komist til aukinnar vitundar um þessi lífpolitísku tengsl og skoði hlutverk og áhrif lífsiðfræði gagnrýnum augum með tilliti til þeirra. Þótt það sé mikilvægt, þá nægir ekki að sprýja um síðferðilegar afleiðingar tilteikinnar líftækni fyrir velferð og sjálfræði einstaklinga; það verður líka að setja umræðuna í stærra samhengi menningar og samfélags.<sup>2</sup> Án slíkrar gagnrýnninnar yfirvegunar á lífsiðfræðin á hættu að verða smættuð í saklausan vitorðsmann valdsins sem jafnframt réttlætur það eða í hreint verkfæri til nota í flóknum vefnaði visinda og tækní.<sup>3</sup>

### 3. Lýðræði

Lýðræði er flókin og margslungin hugmynd en í tengslum við umræðuna hér mun ég aðallega gera greinarmun á tvennis konar meginhlutverkum lýðræðis.<sup>4</sup> Sem stofnanabundið umgjörð er lýðræði einkum fölgjö i því að viðhalda skiptingu og jafnvægi valds og þar af leiðandi að vernda borgarana gegn misnotkun ríkisvalds. Frá þessu sjónarhorni birtist lýðræði í réttaríkinu og í stjórnarskrábundnum réttindum borgaranna. Ósins og við munum sjá, reyni að þetta hlutverk lýðræðisins á mórgum svíðum og í margvíslegu lífpolitísku tilliti og í raun hefur það orðið ríkjandi í hugmyndum um stjórnun lífvísinda og líftækni.

Sem aðferð við að taka ákvæðanir er meginvirkní lýðræðis aftur á móti að tryggja að vilji meirihlutans komi fram í stjórnun samfélagsins og að pólitiskar ákvæðanir séu teknar í almannahágu. Pégar horft er til þessa hlutverks lýðræðisins, má greina áhugaverða togstreitu á milli viðleitnunar til að virða almannaviljann annars vegar og að efla almannheill hins vegar. Viljapátturinn sem slíkur þarfnað pess einungis að almenn stefnumörkun endurspeglí vilja meirihlutans og hann er skyrast tjáður með kosningum. Krafan um að efla almannheill, hins vegar, felur í sér þekkingarpátt sem

<sup>2</sup> Sjá um þetta efni Vilhjálm Árnason og Stefán Hjörleifsson: „Geneticization and bioethics: advancing debate and research“. *Medicine, Health Care and Philosophy* 2007.

<sup>3</sup> Greining í anda Foucauts er gagnlegt mótvægi í þessu tilliti, sbr. t.d. M. Hardt og A. Negri: „Lífpolitísk framleiðsla“. *Hugur. Tímarit um heimspeki* 2003, bls. 157.

<sup>4</sup> Sbr. Þorstein Gylfason: „Á meirihlutinn að ráða?“. *Tilraun um heiminn*, Reykjavík 1992, bls. 91–92.

kallar á sérfræðikunnáttu, og stjórmál í nútímalýðræðissamfélögum eru undir umtalsverðum áhrifum visinda og tækní sem eiga að mæta þessari kröfum.<sup>5</sup> Frá þessu sjónarmiði snýst málið ekki um að framfylgra tiltölulega lítt upplýstum meirihlutavilja sem mældur hefur verið í almennum kosningum, heldur að láta sérfræðingum, sem eiga að vísa okkur veginn til almannaeilla, það eftir að hugsa um flókin málefni.

Ein leið til að letta á spennunni á milli kröfunnar um að virða almannaviljann og að efla almannheill er að auka almenna rökræðu um pólitísk alítaefni.<sup>6</sup> Hér erum við a sigildum slóðum þar sem litid er á lýðræði sem samræðuhefð: „Lykileinkenni lýðræðislegra stjórmála ... er að stjórnvaldi lýtur lögumálum samræðunnar, beitir samnfæringarkrafti í stað valds.“<sup>7</sup> Þetta einkenni getur einnig náð út fyrir fulltrúastjórnina og þingið til hins opinbera vettvangs samfélagsins, svo sem fjölmíðla og ýmiss konar „almannarymis“ sem gerir fólk kleift að rökræða sameiginleg hagsmunamál. Til að mæta þessari áskorun er mikilvægt að leita leiða til að auðvelda almenna samræðu í samfélagini, með það að markmiði bæði að upplýsa borgarana og að skapa þeim tækifæri til rökræðu, til að skiptast á skoðunum og deila áhyggjum sinum um brýn viðfangsefni stjórmálanna. Á þennan hátt ferist áherslan yfir á gæði upplýsinganna og umræðunnar um alítaefni sem koma á undan ákvörðunum og kosningum ekki síður en á útkomu kosninganna. Þetta hefur verið nefnt „samræðumíðað“ í samanburði við „kosningamiðað“ viðhorf til lýðræðis og er almennnt rætt undir titlinum rökræðulýðræði.<sup>8</sup> Mér virðist sem að þessi megin-einkenni og hlutverk lýðræðis tengist lífpolitík á mikilvægan hátt.

### 4. Tengsl við lífpólítík

Í samræmi við þá tvennis konar megininstarfætti lýðræðis sem eru útlistaðir hér að ofan, er mikilvægt að lita bæði til stofnanabundinna skilyrða lífpólí-

<sup>5</sup> Cf. E. Lagerspetz: „Ethical Expertise in Democratic Societies“. *Genetic Democracy*, ritstj. J. Räikkä, V. Launis, Dordrecht 2008, bls. 21–29.

<sup>6</sup> Það útlokar vitaskuld ekki að aðrar mikilvægar leiðir séu til fyrir almenningu að tjá skoðamir sinar, svo sem mótmæli, en í anda rökræðulýðræðis mun ég einbeita mér að rökræðunni hér.

<sup>7</sup> D.D. Raphael: *Problems of Political Philosophy*. London 1970, bls. 150.

<sup>8</sup> Sjá W. Kymlicka: *Contemporary Political Philosophy*. Oxford 2002, bls. 290. Einnig Vilhjálmur Árnason: „Valdið og vitið. Lýðræði í grundað“. *Ritröð Guðfræðistofnunar* 2007, bls. 255–268. Ólafur Páll Jónsson: *Nattúra, vald og verðmæti*. Reykjavík 2007, hefur skrifao um umhverfismál í anda rökræðulýðræðis.

tískra ákvarðana og til markmiða þeirra. Hvað stofnanabundnum skilyrðum líður, tel ég að því vandamál á svíði lýðræðislegrar stefnumótunar skipti mestu máli. Það fyrsta er skýr *adgreining* á milli hlutverka opinberra aðila og einkageirans. Nauðsyn þess að halda þessari aðgreiningu hefur orðið mun brynni eftir því sem líftækni hefur fengið sifellt meiri athygli frá einkafyrirtækjum og fjárfestum á almennum markaði. Það er skiljanlegt að einkafyrirtækjum láti aðallega stjórnast af hagnaði og jafnvél þótt oft megi samræma það almannaheill er ekki haegt að ætlast til þess að einkarekin líftækñifyrirteki taki að sér að vernda hagsmuni almennings. Það er, aftur á móti, meginhlutverk opinberra aðila að vernda réttindi og hagsmuni borgaranna, svo sem með því að tryggja að einkarekin lífviðskipti lútu almennum leikreglum. Af þessu leiðir að gagnrýni á lífpólítik á ekki fyrst og fremst að beinast að einkareknum líffyrirtækjum því að ábyrgðin á stjórnun og stefnumörkun tilheyrir hinu opinbera.<sup>9</sup>

Annað sem tengja má við stofnanabundin skilyrði í lýðræðislegri lífpólítik er hlutverk *sérfræðipekkings* í effurtsstofnum (á borð við Visindasíðaneftnd og Persónuvernd) og ráðgjafarnefndum. Þetta tengist bæði tilhögnum tilnefninga í slíkar nefndir og starfsemi þeirra. Híð fyrra snýst um híð almenna lýðræðislega skilyrði að draga úr valdi pólitiskra aðila og hindra misbeitingu þess sem að komast hjá hagsmunárékstrum. Í samræmi við þetta skilyrði er eðlilegt að nefndarmenn slíkra eftirlits- og ráðgjafarnefndu séu tilnefndir af *sérfræðistofnum* en ekki beint af pólitisku aðilumum sjálfum (eins og gerðist til dæmis þegar Visindasiðaneftnd á heilbrigðissviði var „umbylt“ sumarið 1999).<sup>10</sup> Gera má þá kröfum til rannsókna- og háskólastofnana að þær leggi til óháða sjálfstæða sérfræðipekkingu. Sjálfstæði þessara stofnana felur í sér að þær hafi hið almenna markmið að virða meginlögmál vísindalegrar starfsemi í stað þess að þjóna hinum pólitisku aðilum eða einkageiranum. Þetta felur ekki í sér að meðlimir þeirra séu alltaf hlutlausir eða fordómalausir. Sjálfstæði er aldrei algjört, það getur aðeins verið tilgreint með tilliti til hagsmunanna sem eru í húfi í hverju tilfelli fyrir sig.

<sup>9</sup> Sjá umraðu um þetta efni í tengslum við miðlegan gagnagrunn á heilbrigðissviði, Vilhjálmur Árnason: „Coding and Consent: Moral challenges of the database project in Iceland“, *Bioethics* 2004, bls. 27–49; Vilhjálmur Árnason og Garðar Árnason: „Informed democratic consent? The case of the Icelandic database“, *Frames* 2004, bls. 164–177, og Vilhjálmur Árnason og Stefán Hjörleifsson: „Population Databanks and Democracy in Light of the Icelandic Experience“, *Medicine, Health Care and Philosophy* 2008, bls. 417–431.

<sup>10</sup> A. Abbot: „Strengthened‘ Icelandic bioethics committee comes under fire“, *Nature* 1999; 400: bls. 602 og Reynir Tómas Geirsson: „Visindasiðaneftnd: Nýtt ferli sem ekki fór í besta farveg“. *Læknablaðið* 1999, bls. 916–920.

Seinna stofnanabundna skilyrðið í stjórnun og eftirliti með liftaekni og visindarannsóknum varðar *gegnsæi* í ákvarðanatöku. Þetta skilyrði lýtur bæði að málsmæðerð og innaki ákvarðana. Með málsmæðerðarskilyrðinu á ég við að aðferðir, lögmal og síðareglur sem ákvarðanir slíkra eftirlitsaðila miða við eigi að vera tiltaekar almenningi. Hið efnislega skilyrði, á hinn böginn, felur í sér að almenningur sé upplýstur um innihald stefnumarkandi ákvarðana og eigi greiðan aðgang að upplýsingum sem þær varðar. Því er stundum haldið fram að þessi skilyrði gegnseis séu nauðsynlegar forsendur fyrir trausti almennings á stofnumunum. Aftur á móti er það engin trygging þess, þar eð aukin pekking leiðir ekki nauðsynlega til meira trausta.<sup>11</sup> Sterk rök hniga hins vegar að því að þessi skilyrði auki *trúverðugleika* slíkra stofnana.

Það að stofhanir njóti trausta — eða séu að minnsta kosti traustsins verðar — er nauðsynlegt atriði í lífpólítik í lýðræðissamfélagi. En það er ekki nægjanlegt. Ákvarðanir eftirlitsaðila eru oftast nær byggðar á visindalegri og síðfræðilegri sérþekkingu. Samráð við almenning er oft takmarkað við rannsóknarstofnir, fagfélög og aðra sem hafa hagsmuna að gæta á þessum vettvangi. Þetta að að tryggja að sú stefna endurspegli vísindalega framkvæmd og stöðu þekkingar á svíðinu og jafnframt að síðferðileg viðmóð vísindalegrar starfsemi og rannsókna séu virt. En í lýðræðissamfélagi öðlast stefnan lögnæti sitt út frá þeirri staðreynd að hún sé samþykkt af almenningu eða að hún gangi allavega ekki gegn almannavilja. Til að mæta þessari áskorun, er mikilvægt að leita leida til að styrkja opinberan vettvang fyrir rökraður um efni að þessu tagi. Sílf viðleitni þarf bæði að hafa að markmiði að upplýsa borgarana og að gefa þeim tækifæri til að rökraða stefnumál á svíði vísinda og líftækni. Ef þetta á að skila sér inn í lagasetningarferlið, þarf slikt samráð við almenning helst að koma á undan umraðum í þinginu. Reynslan hefur sýnt að lagasetning á þessu svíði er liklegri til að hljóta samþykki almennings ef samráð hefur verið haft við borgarana og þeim gefist kostur á að reifa hugmyndir sínar og áhyggjur.

Almenn umraða á þessu svíði þarf því að hafa það allt í senn að markmiði að upplýsa borgarana um vísindaleg málefni, upplýsa vísindamenn, embættismenn og kjórra fulltrúa, sem sjá um stefnumótun, um áhyggjuefni og sjónarmið almennings, og að komast að almennu rökstuddu samkomulagi um undeild mál. Mikilvægi þessa hefur aukist með tilkomu fjölmenningarsamfélaga þar sem fólk með ólíkan menningarlegan bakgrunn

<sup>11</sup> O. O’Neill: *A question of trust*. Cambridge 2002.

og trúarskoðanir þarf að hlíta sömu löggjöf. Eitt meginþilyrði upplýstrar almennum umraðu á þessu svíði eru sterkir fjölmölar sem geta skýrt flókin úrlausnarefní á þann hátt að leikmaðurinn geti skilið þau, án þess að kasta hlutlægninni eða gæðum efnislegra upplýsinga fyrir róða. Vönduð vísindaleg umfjöllun í fjölmöllum skiptir skópum í því að auðvelda almenna umraðu, en fjölmölar sem eru opnir almenningu eru nauðsynlegir til þess að flytja hugmyndir almennings til stjórnálamanna og þeirra aðila sem sjá um stefnumörkun.

## 5. Sýn á borgarana

Lifpólitík og lífsiðfræðileg samræða fela í sér mismunandi sýn á borgarana og sú sýn setur mark sitt á stefnumótun á svíði vísindarannsókna og lifteknii. Þegrein einkum tvenns konar viðhorf til borgaranna sem ég álit vera ráðandi í samfélagslegri og fræðilegri umraðu um lífsiðfræðileg mál-efni. Þeg kalla þau verndarviðhorfið og nytjavíðhorfið. Þessi viðhorf eiga sér samhljóm í almennt viðteknunum hugmyndum um meginhlutverk lýðraðisins. Þeg mun síðan skoða annars konar sýn á borgarann sem mér finnst að sé að mestu horft framhjá í umraðunni en hefur sterkari lýðraðisleg ein-kenni en hinari tvær.

Verndarviðhorfið gagnvart borgurunum dregur nafn sitt af þeirri staðreynd að megináherslunar í síðfræðilegri orðræðu um lifteknii og rannsóknir á mönnum eru á að vernda fólk. Nokkur helstu markmiðin í lifsiðfræði eru að vernda einkalíf eða friðhelgi einstaklinga, vernda þá gegn áhættu og að standa vörð um þá þátttakendur í rannsóknum sem standa höllum fæti af einhverjum ástæðum. Í öllum þessum tilvikum miða aðgerðir að því að verja þátttakendur og borgara almennt gegn mögulegum skaða af lifteknirannsóknum (velferðarkrafan) og fyrir misnotkun upplýsinga (rétt-lætiskrafan). Að tryggja verndun sjálfræðis er flóknar mál í þessu samhengi en það er venjulega sett fram í skilyrðinu um upplýst samþykki sem er bæði liður í því að vernda fólk fyrir áhættu og gegn því að ráðskast sé með það á einhvern hátt gegn vilja sínum.<sup>12</sup>

Þessi áhersla á verndun borgaranna er augljóslega nauðsynleg til að gæta hagsmuna þátttakenda í rannsóknum. En það er afskaplega takmarkað að

<sup>12</sup> Sjá Sigurður Kristinsson og Vilhjálmur Árnason: „Informed consent and human genetic databases“. Í ritinu *The Ethics and Governance of Human Genetic Databases. European Perspectives*, ritstj. Matti Häyry, Ruth Chadwick, Vilhjálmur Árnason og Garðar Árnason, Cambridge 2008, bls. 198–216.

meta hagsmuni fólks aðallega, svo ekki sé sagt algjörlega, út frá þessu sjónarhorni. Ef við tengjum þetta lýðraðisshugmyndinni sjáum við að þessi verndarskilyrði kallast ágætlega á við það hlutverk lýðraðisins að verja borgarana gegn misnotkun bæði ríkisvaldsins og markaðsflanna. Þessi krafa er oft sett fram út frá borgaralegum réttindum og einkum að verja þursi „mannhelgi“ þeirra gegn öflum sem getu ráðskast með fólk og misnotad persónulegar upplýsingar.<sup>13</sup> Í umraðunni um Miðlægan gagnagrunnar á heilbrigðissviði voru stofnuð samtök sem höfðu það að meginmarkmiði að vernda réttindi borgaranna gegn bæði misnotkun valdhafa og kraftmikils einkaþýrtækis. Það er vel við hæfi að samtökini heita „Mannvernd“ sem kallast á við „Persónuvernd“, heiti stofnunarinnar er hefur eftirlit með framkvæmd laga um persónuupplýsingar og persónuvernd. Það er augljóslega nauðsynlegt að vernda borgarana gegn misnotkun valds á einkasviði og opinberu svíði í lýðraðissamfélögum, en einhliða áhersla á það getur líka beint sjónum manna frá öðrum mikilvægum þáttum.

Ef við höldum okkur við íslenska gagnagrunnsdæmið, er fróðlegt að taka eftir því að verndarviðhorfið var að hluta til (og sérstaklega í tengslum við samþykkitumræðuna<sup>14</sup>) í togstreitu við þá afstöðu sem ég nefndi nytjavíðhorfið. Ástæðan fyrir þeirri nafnegið er að megináherslan er á ávinningsinn eða gagnseminna af lifteknii og erfðaramsnsóknum. Þessi ávinnungur getur ýmist tengst heilsu, eins og lyfjaþróun, markvissari heilsuvernd byggðri á sjúkdómslíkum, eða verið ótengdur heilsu, eins og auknir starfsmöguleikar fyrir unga vísindamenn og aðrir samfélagslegir eða efnahagslegir þattir sem geta fylgt öflugum rannsóknarfyrirtækjum. Slík nytjaafstaða hefur verið ráðandi í stjórnálalegri og efnahagslegri umraðu um lifteknii. Þetta eru mikilvæg atriði en gagnsemin er oft umdeilanleg og í öllu falli felur hún í sér takmarkaða réttleitungu fyrir lífpólitík.

Færa má rök fyrir því að nytjavíðhorfið til lifteknii tengist því hlutverki lýðraðis að tryggja að ákvæðanir sér teknar í þágu heildarinnar og til að efla almannaeill. Í raun eru rökir sem byggja á afrakstri í þágu heildarinnar oft notuð til að gagnrýna verndarafstöðuna þar sem réttindum einstaklinga sé hyglað á kostnað samfélagslegra verðmæta. Þessum rökum má svara með tvennum hætti. Í fyrra lagi, mikið af þeim samfélagslega ávinnungi sem líf-

<sup>13</sup> Ragnar Áðalsteinsson: „The Constitutionality of the Icelandic Act on a Health Sector Database“. Í ritinu *Society and Genetic Information: Codes and Laws in the Genetic Era*, Budapest 2003, bls. 203–211.

<sup>14</sup> Vilhjálmur Árnason og Stefn Hjörleifsson: „Population Databanks and Democracy in Light of the Icelandic Experience“. *Genetic Democracy* 2008, bls. 93–104.

tæknin lofar er bæði umdeilanlegur og óviss. Og jafnvel þótt liftækni á heilbrigðissviði myndi skila miklum ávinningi til auðugri hluta mannkyns er mun óvissara hvort hún myndi skila einhverju til hins brýna verkefnis að bæta grunnheilsugeslu í fátekum löndum. Í síðara lagi er það villandi lýsing á verndarviðhorfinu að segja að þar sé einblínt á einstaklingshagsmuni sem hafi ekkert með samfélagsleg verðmæti að gera. Áhrifarik stjórnun liftækni, sem verndar fólk gegn óþarfa áhættu, kemur í veg fyrir að fólk sé mismunað eða að ráðskast sé með það, getu þjónað almannahagsmunum til lengri tíma lítið, þótt svigrúm þeirra sem framkvæma rannsóknirnar sé takmarkað. Frá þessu sjónarhorni er hin skýra aðgreining á milli hagsmuna einstaklingsins og almennings misvisandi.

Pegar þessi tvö ríkjandi viðhorf eru tengd lýðræðishugmyndum verða sameiginlegir gallar og takmarkanir þeirra eftirtektarverðari en það sem ber á milli þeirra. Sé megináherslan annaðhvort lögð að vernda fólk eða huga að ávinningi rannsóknanna á þann hátt sem ég hef lýst, er fólk séð i óvirku hlutverki og lítið gert úr hinum virku þáttum hugsunar og athafna sem oft eru sagðir einkenna lýðræðislega borgara. Öryggi einstaklinga er sett á oddinni í verndarviðhorfinu, en frá nytjasjónarmiðina er lítið á fólk fyrst og fremst sem auðlind fyrir liftæknirannsóknir. Það kemur því ekki á óvart að ráðandi afstaða í lífpólítík er blanda úr báðum þessum viðhorfum. Þessi samsetning tekur á sig stjórfarandi mynd, til dæmis í umræðum um gagnagrunna: Til þess að ná sem mestum ávinningi út úr rannsóknum á þjóðinni, þarf að vernda einstaklingin sérstaklega vandlega. Á þennan hátt verður sterk öryggisgæsla gagnanna ein af meginforsendum nytjavíðhorfsins. Sambraðsla þessara tveggja sjónarmiða var mjög áberandi í umræðunni um Miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Það þarf ekki að koma á óvart að meginþættirnir í þessum viðhorfum tvinnist saman með þessum hætti. Í þeim er annars vegar horft til manna á einkavettvangi heimilis þau sem mikilvægi þess að vernda friðhelgi persónunnar og frelsi undan öröttmætum afskiptum er sett í öndvegi; hins vegar er lítið á borgarann á hinu effnahagslega svíði sem neytanda og verkamann sem leggur sitt af mörkum til effnahagslegrar velsældar samfélagsins er byggist að mestu á góðri heilsu almennings. Á þennan hátt tengjast verndar- og nytjavíðhorfin meira fólk sem persónum á einkavettvangi, neytendum, vinnaufli og sjúklingum en sem borgurum í lýðræðissamfélagi. Í báðum þessum ríkjandi viðhorfum er hugmyndin um virku og hugsandi borgara í lýðræðissamfélagi virt að vettugi og þau fela ekki í sér neinar ástæður fyrir því að styrkja ígrundun og upplýsingu borgaranna á opin-

berum vettvangi. Ég mun nú að lokum víkja stuttlega að þeim afleiðingum sem það hefði fyrir lífpólítík að taka þessa hugmynd um hinn virka borgara alvarlega.

#### 6. Að virkja borgaranar

Það eru mikilvæg viðhorf að vernda beri einstaklinga og að leita ávinnings fyrir samfélagið, en það er brýnt að bæta úr annmörkum þeirra með því að hafa aðra þætti til viðmiðunar. Augljóslega ætti ekki að þurfa að velja á milli þess annaðhvort að vernda einkasvið einstaklingsins og að leggja eitthvað til samfélagsins eða að auka vitund borgaranna um visindi og lífvisindi. En þegar horft er til markmiðsins um aukna vitund borgaranna sest að það krefst breytrar hugsunar um stefnumótun á svíði lífvisinda og liftækni. Hér nefni ég aðeins tvær forsendur lífpólítíkur þar sem hugmyndin um hinn lýðræðislega borgara væri tekin alvarlega: bætta vísindalega menntun og aukna almenna rökræðu um lífpólítisk málefni.

Á námskrá grunnskóla í tæknismálum er mikilvægt að hafa skýra sýn á það hvers konar borgara við viljum móta. Menntun sem eykur vísindalegt læsi mun eflaust leiða til frekari vitundar um lífpólítík og þar af leiðandi skapa skilyrði fyrir stefnumörkun sem auðveldar frekari þátttökum almennings. Þetta er í fullu samræmi við það markmið grunnskólagaga „að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sifelldri þróun“ (2. gr.). Eigi íbúar í tæknivæddu nútímasamfélagi að rata um umhverfi sitt þurfa þeir ekki síst að vera læsir á lífvisindin sem setja æ meira mark á menningu okkar og mannskilkning. Annað skilyrði fyrir lýðræðislegri lífpólítík er sterktari fjölmíðar og umfjöllun um visindi sem láta borgurunum í té áreiðanlegar upplýsingar og gagnrýna greiningu á félags-pólítiskum vandamálum lifttekninnar. Á þessu hefur verið mikill misbreurstur hérlandis þar sem fjölmíðar hafa tilhneigingu til að taka fréttatilkynningar liftæknifyrtækja gagnrýnislaust upp og gera litlar tilraunir til að skýra málín fyrir almenningu eða setja þau í félagslegt og pólítískt samhengi.<sup>15</sup> Saman geta bætt vísindaleg menntun og vandaðri fjölmíðar stuðlað að upplýstari rökræðu almennings um lífpólítisk málefni. Þetta mun hins vegar duga skammt verði ekki önnur skilyrði fyrir almenna umræðu styrkt í samfélagini, svo sem rökræðumenning stjórmálananna, og að meira samráð sé haft við borgarana um líf-

<sup>15</sup> Stefán Hjörleifsson, Vilhjálmur Árnason og E. Schei: „Decoding the genetic debate — Hype and hope in Icelandic new media 2000 and 2004“. *New Genetics and Society* 2008, bls. 377–394.

pólitisk málefni. Þetta krefst þess í raun að lifsiðræði sé ekki skýrt aðgreind frá lifspólitik.<sup>16</sup>

Hugmyndin er sæmilega skýr en verkefnið er augljóslega ekki auðvelt. Einn hlutur sem þarf að forðast, til dæmis, er að samráð við almenning sé aðallega hugsað sem leið til að móta auðsveipari almenning sem væri viljuggri til að umbera stefnu stjórnvalda. Það er mikilvægt verkefni að auka trúverðugleika almennrar stefnumörkunar en það er ekki markmið lýðræðislegrar stefnumörkunar að búa til borgara sem eru eins konar tannhjól í yfirgrípsmíku gangvirkli lifvaldsins sem þeir hafa enga stjórn á.<sup>17</sup> Frá sjónarmiði rökræðulýðræðis er því mikilvægast að skapa borgurum skilyrði til að þróa hugsun sína og auka skilning sinn á visindum og hafa áhrif á stefnumörkun í lifspólitik. Þessi sýn felur í sér trú á eiginlegt gildi samráðs og almenna umræðu.

Hugmyndir rökræðulýðræðis eru mikilvægar í þessu samhengi vegna áherslunnar á myndun almannaviljans með upplýstri umræðu í stað hagsmunapots og valdaþrýstings. Ein meginhugmyndin er að pólitisk ákvörðun sé þá einungis lýðræðislega lögmað ef hún getur verið niðurstaða af frjálsu og rökstuddu samkomulagi jafnra borgara.<sup>18</sup> Það ber ekki að skilja þetta sem raunsætt markmið heldur sem *gagnrýna hugmynd* sem getur auðveldad okkur að benda á hlutverk valds, þvingunar og vanbekkingar í samfélagslegri ákvárdanatöku. Hin gagnrýna frelsishugmynd í almennri rökræðu sýnir að allir borgarar eigi að hafa tækifær til að koma áhyggjuefnun sínum á dagskrá, og jafnvel að gera sjálfsar umræðureglurnar að gagnrýnu viðfangsefni.<sup>19</sup> Slík umræða hvetur fólk til að tileinka sér hugsunarátt borgara sem metur mál undir sjónhorni almannahags fremur en þróngra sérhagsmuna neytandans. Þessa gagnrýna hugmynd má því nota til að greina á milli krafna sem byggðar eru á takmörkuðum eiginhagsmunum og krafna sem stuðla að hagsmunum alls almennings.

Það er í eðli skapandi lýðræðislegra stjórmála að leita stöðugt að áhrifaríkari farvegum fyrir borgarana til að vera upplýstir um pólitiskar ákvárdanir og að auka áhrif þeirra á stefnumörkun.<sup>20</sup> Hugmyndin um rökræðulýðræði

<sup>16</sup> K.L. Hoyer & R. Tutton: „Ethics was here”: Studying the language-games of ethics in the case of UK Biobank”. *Critical Public Health* 2005, bls. 385–397.

<sup>17</sup> Sjá t.d. M. Foucault: *Power/Knowledge*. Bury St. Edmonds 1980, bls. 98.

<sup>18</sup> I. Bohman & W. Rehg: *Deliberative democracy: Essays on reason and politics*. Cambridge 1997, bls. 10.

<sup>19</sup> S. Benhabib: *Democracy and difference: Contesting the boundaries of the political*. Princeton 1996, bls. 79.

<sup>20</sup> Sjá t.d. A. Arblaster: *Democracy*. Minneapolis 1987 og Vilhjálmur Árnason: „Í leit að lýðræði”. *Skírnir* 1991, bls. 474–479.

er áhugaverð viðmiðun í tilraunum til að bæta stjórnarhætti og til að finna upplýstum og ígrunduðum vilja borgaranna farveg. Það er ekki til nein almenn lausn á því hvernig eigi að gera þetta og mikilvægust eru viljinn og viðleitnin til að leita eftir viðeigandi aðferð í hverju tilfelli fyrir sig.

## HEIMILDIR

- Abbot, A.: „‘Strengthened’ Icelandic bioethics committee comes under fire”. *Nature* 1999; 400: bls. 602.
- Arblaster, A.: *Democracy*. University of Minnesota Press, Minneapolis 1987.
- Benhabib, S.: *Democracy and difference: Contesting the boundaries of the political*. Princeton University Press, Princeton 1996.
- Bohman, E. & W. Rehg: *Deliberative democracy: Essays on reason and politics*. The MIT Press, Cambridge 1997.
- Foucault, M.: *Power/Knowledge*. The Harvester Press, Bury St. Edmonds 1980.
- Hardi, M. og A. Negri: „Litipolítisk framleiðsla”. *Hugur. Timarit um heimspeki* 2003, 15: bls. 150–173.
- Hoeyer, K.L. & R. Tutton: „Ethics was here”: Studying the language-games of ethics in the case of UK Biobank”. *Critical Public Health* 2005, 15 (4): bls. 385–397.
- Kymlicka, W.: *Contemporary Political Philosophy*. 2. ed., Oxford University Press, Oxford 2002.
- Lagerspetz, E.: „Ethical Expertise in Democratic Societies”. Í ritinu *Genetic Democracy*, ristj. J. Räikkä, V. Launis. Springer Verlag, Dordrecht 2008, bls. 21–29.
- O’Neill, O.: *A question of trust*. Cambridge University Press, Cambridge 2002.
- Ólafur Páll Jónsson: *Náttúra, vald og verðomst*. Hið íslenska bókmennfælag, Reykjavík 2002.
- Ragnar Ábalsteinnsson: „The Constitutionality of the Icelandic Act on a Health Sector Database”. Í ritinu Judit Sándor (risti) *Society and Genetic Information: Codes and Laws in the Genetic Era*, Central European University Press, Budapest 2003, bls. 203–211.
- Raphael, D.D.: *Problems of Political Philosophy*. MacMillan, London 1970.
- Reynir Tómas Geirsson: „Visindasíðamefn: Nýtt ferli sem ekki fór í besta farveg”. *Læknablaðið* 1999, 85: bls. 914–920.
- Sigurður Kristinsson og Vilhjálmur Árnason: „Informed consent and human genetic databases”. *The Ethics and Governance of Human Genetic Databases: European Perspectives*, ristj. Matti Häyry, Ruth Chadwick, Vilhjálmur Árnason og Garðar Árnason, Cambridge University Press, Cambridge 2008, bls. 198–216.
- Stefán Hjörleifsson, V. Árnason & E. Schei: „Decoding the genetics debate — Hype and hope in Icelandic news media 2000 and 2004”. *New Genetics and Society* 27, bls. 377–394.
- Sutrop, M.: „Trust”, *The Ethics and Governance of Human Genetic Databases. European Perspectives*, ristj. Matti Häyry, Ruth Chadwick, Vilhjálmur Árnason og Garðar Árnason, Cambridge University Press, Cambridge 2008, bls. 190–198.
- Vilhjálmur Árnason og Garðar Árnason: „Informed democratic consent? The case of the Icelandic database”. *Trames* 2004, 8: bls. 164–177.

## VILHJÁLMUR ÁRNASON

- Vilhjálmur Árnason og Stefán Hjörleifsson: „Population Databanks and Democracy in Light of the Icelandic Experience“, *Genetic Democracy* 2008, ritstj. J. Räikkä, V. Launis, Springer Verlag, Dordrecht, bls. 93–104.
- Vilhjálmur Árnason og Stefán Hjörleifsson: „Geneticization and bioethics: advancing debate and research“, *Medicine, Health Care and Philosophy* 2007 10 (4): bls. 417–431.
- Vilhjálmur Árnason: „Coding and consent: Moral challenges of the database project in Iceland“, *Bioethics* 2004, 18 (1): bls. 27–49.
- Vilhjálmur Árnason: „Í leit að lýðræði“. *Skírnir* 165 (haust) 1991, bls. 474–479.
- Vilhjálmur Árnason: „Valdið og vitið. Lýðraðið ígrundað“. *Ritröð Guðfræðistofnunar – til einkuð Dr. Birni Björnssyni sjötugum*, ritstj. Sólveig Anna Bóasdóttir, nr. 24, 2007 bl. 255–268.
- Þorsteinn Gylfason: „Á meirihlutinn að ráða?“. *Tilraun um heiminn*. Heimskringla, háskóli forlag Máls og menningar, Reykjavík 1992, bls. 91–114.